

**42. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 12. janúar 2012 kl. 17:00, á skrifstofu Langanesbyggðar.**

Mætt: Siggeir Stefánsson, Ævar Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þóroddsson, Dagrún Þórisdóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson, Gunnólfur Lárusson og Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Sigurður Ragnar lýsti ánægju með að fundargögn voru nú send í tölvupósti á bæði aðal- og varamenn.

Dagskrá:

**1. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 08.12 2011**

*Lögð fram til kynningar.*

**2. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 14.12 2011**

*Lögð fram til kynningar.*

**3. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 15.12 2011**

*Lögð fram til kynningar.*

**4. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 07.12.2011**

*Lögð fram til kynningar.*

**5. Fundargerð hafnarnefndar, dags. 12.12 2011**

Oddviti greindi frá því að hann, ásamt formanni hafnarnefndar, fór á fund Siglingastofnunar til að leggja áherslu á mikilvægi þess að gera höfnina á Þórshöfn sem best úr garði. Sigurður Ragnar lýsir ánægju með að framkvæmdir séu komnar á dagskrá Siglingastofnunar og óskar eftir að lögð fram áætlun um fjármögnun framkvæmdanna og áhrif þeirra á rekstur hafnarsjóðs. Umræða um hafnarframkvæmdir.

*Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

**6. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 30.11 2011**

Sveitarstjóri greindi frá að margt af því sem um er getið í lið 1 í fundargerðinni er varðar viðhald á leikskólanum, hafi þegar verið framkvæmt en unnið sé að öðru.

Í fundargerðinni kemur fram að Sturla Einarsson, skipstjóri á Guðmundi VE, færði leikskólanum Barnabóli nýverið kr. 50.000 til leikfangakaupa. Sveitarstjórn ítrekar þakkir fræðslunefndar fyrir þessa rausnarlegu gjöf.

*Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

**7. Fundargerð sveitarstjórnar Skagafjarðar, dags. 02.12.2011**

*Lögð fram til kynningar.*

Sveitarstjórn tekur heilshugar undir ályktun sveitarstjórnar Skagafjarðar um að veiðigjald verði einn af tekjustofnum sveitarfélaga, þannig að tekjunum verði sannarlega varið þar sem til þeirra er stofnað.

**8. Fundargerð samrekstrarnefndar Svalbarðshrepps og Langanesbyggðar, dags. 13.12.2011**  
*Lögð fram til kynningar.*

**9. Skýrsla sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum:

- Ránar Jónsson afhenti í íþróttahúsinu nýverið hlaupabretti að gjöf en Ránar hljóp 10 kílómetra alla daga síðasta júlímánaðar og safnaði áheitum til kaupanna. Sveitarstjórn þakkar Ránari fyrir framtakið og þessa höfðinglegu gjöf.
- Raðhúsin í Miðholti verða tilbúin til útleigu um næstu mánaðamót.

**10. Bréf frá Haraldi Ó. Tómassyni, dags. 05.12.2011**

Í bréfinu leitar Haraldur Ó. Tómasson, læknir, að leita eftir fjárstuðningi Langanesbyggðar vegna kaupa á nýju röntgentæki í heilsugæsluna á Þórshöfn en nýverið var hrundið af stað söfnun til kaupa á tækinu.

Sveitarstjórn fagnar þessu þarfa og góða framtaki. Sveitarstjóra falið að kanna framgang söfnunarinnar og gera grein fyrir henni á næsta fundi sveitarstjórnar.

*Samþykkt samhljóða.*

**11. Bréf frá innanríkisráðuneytinu, dags. 09.12.2011**

Stjórnsýslukæra vegna synjunar sveitarstjórnar á greiðslu námsvistar utan lögheimilissveitarfélags. Sveitarstjórn áréttar að málefnalegra sjónarmiða hafi verið gætt við meðferð umsóknarinnar og að jafnréttissjónarmiða hafi verið gætt. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

*Samþykkt samhljóða.*

**12. Erindi frá Air 66, dags. 07.12.2011**

Í erindinu er óskað eftir fjárstuðningi vegna verkefnisins Flugklasans Air 66N.

*Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.*

**13. Bréf frá Lindu E. Pehrsson, dags. 14.12.2011**

*Lagt fram til kynningar.*

**14. Samstarfssamningur slökkviliðs, dags. 12.12.2011**

Um er að ræða samstarfssamning á milli slökkviliðs Hornafjarðar, Brunavarna á Austurlandi og slökkviliðs Langanesbyggðar.

*Samþykkt samhljóða.*

**15. Tilnefning um ráðningu staðgengils regluvarðar**

Þar sem Ósk Gústafsdóttir hefur látið að störfum sem staðgengill regluvarðar leggur sveitarstjóri til að Ása Kristín Óskarsdóttir, lögfræðing hjá KPMG, verði ráðinn í hennar stað.

*Samþykkt samhljóða.*

**16. Bréf frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, dags. 21.12.2011**

*Siggeir og Sigurður Ragnar benda á vanhæfi sitt til að fjalla um málið og óska eftir að sveitarstjórn greiði atkvæði um vanhæfið. Vanhæfið borið upp í sitt hvoru lagi og vanhæfi beggja samþykkt samhljóða. Siggeir og Sigurður Ragnar viku af fundi á meðan málið var til umfjöllunar.*

Bréfið vísar til umsóknar Langanesbyggðar um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2011-2012. Kemur fram Bakkafirði hefur verið úthlutað 186 þorskígildistonna byggðakvóta og Þórshöfn 66 þorskígildistonna byggðakvóta.

Sveitarstjóri greindi frá að við umsókn um byggðarkvóta Þórshafnar hafi hann notið ráðgjafar Finnboga Vikars, ráðgjafa í sjávarútvegi. Í BS-ritgerð Finnboga í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst hafi verið færð rök fyrir og sýnt fram á rétt Þórshafnar til byggðakvóta og ljóst sé að ritgerðin hafi vegið þungt við ákvörðun ráðuneytisins. Ritgerðin sé nú aðgengileg á bókasafni Þórshafnar og sveitarstjórn þakkar Finnboga hans störf.

Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að vilji sveitarstjórn leggja til sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðarkvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga skuli hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytis eigi síðar en 20. janúar 2012. Tillögur sem berist eftir þann tíma verða ekki teknar til greina. Sveitarstjóri greindi frá að sótt hafi verið um frest til 30. janúar nk. og hafi hann verið veittur.

Nokkur umræða um byggðakvóta.

Sveitarstjóra og skrifstofustjóra falið að skoða hvort að setja eigi sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvótans og gera tillögur um þau.

*Samþykkt samhljóða.*

#### **17. Bréf vegna byggðarkvóta, dags. 28.12.2011**

Í bréfinu er óskað eftir breytingu á reglugerð nr. 1182 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2011/2012.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **18. Bréf vegna byggðarkvóta, dags. 08.01.2012**

Í bréfinu eru tillögur í sex liðum um úthlutun byggðarkvóta.

*Lagt fram til kynningar.*

*Siggeir og Sigurður Ragnar komu að nýju inn á fundinn.*

#### **19. Samrekstur Svalbarðshrepps og Langanesbyggðar**

Sveitarstjóri og skrifstofustjóri fóru yfir vinnu sína varðandi útreiknin á kostnaði vegna samrekstar á árunum 2009 og 2010.

Fulltrúum Langanesbyggðar í samrekstrarnefnd, ásamt skrifstofustjóra og Ævari Rafni sem er varamaður í samrekstrarnefnd, falið að ganga endanlega frá útreikningum kostnaðar vegna samrekstrarárin 2009, 2010 og 2011 og leggja tillögur sínar fyrir sveitarstjórn Langanesbyggðar.

*Samþykkt með 5 atkvæðum en tveir sátu hjá.*

## **20. Aðalskipulag Langanesbyggðar**

Sveitarstjóri lagði fram reikninga vegna aðalskipulags Langanesbyggðar frá árinu 2007. Á tímabilinu er beinn kostnaður sveitarfélagsins kr. 25.421.651, án vsk. Sveitarstjóri mun leggja fram verkbókhald vegna reikninganna á næsta fundi sveitarstjórnar.

Mikil umræða um aðalskipulag.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:12.